

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Oftar en ekki opið

Garðabær Opið alla daga frá 8-23:30

Krambúðin

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR



Sigurður Gunnlaugsson
löggiltur fasteignasali
Sími 898 6106



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA

Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval

HEILSA & HÉRINGJA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Um 4200 iðkendur á TM móti Stjörnunnar

TM mót Stjörnunnar er stærsta knattspyrnumót landsins



Það er alltaf líf og fjör á TM móti Stjörnunnar sem hefst 20. apríl nk. Bæjarbúar eru hvattir til að mæta á Samsung-völlin og fylgjast með ungum framtíðarstjörnum

Það er mikil spenna að magnast upp hjá ungu og efnilegu knattspyrnufólki um land allt þessa dagana því hið árlega TM mót Stjörnunnar fer fram á knattspyrnusvæði Stjörnunnar dagana 20.-21. og 28.-29. apríl.

Um 4200 keppendur eru skráðir til leiks, en TM mótið er fjölmennasta knattspyrnumót landsins ár hvert og hefur mótið skapað sér stóran sess í íslensku knattspyrnulífi. (Sjá framhald á blaðsíðu 2).



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

“SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI”



LEMON
VEISLUBAKKAR
Í FERMINGAR-
VEISLUNA

Pantaðu á veisla@lemon.is



30% AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Stefnt á að opna Heilsugæslu Garðabæjar aftur fyrrpartinn í maí



Heilsugæslan í Garðabæ hefur nú verið lokuð frá 7. mars sl. eða allt frá því að eldur kom upp á Snyrtistofunni á Garðatorgi sem er staðsett fyrir neðan heilsugæsluna, sem varð þess valdandi að fint sót lá yfir

öllu og vond lykt var um alla stöðina. Nú eru viðgerðir og endurnýjun á húsnæðinu langt komnar og áformað er að stöðin flytji aftur inn í húsnæðið fyrrpart maí.

Framhald af forsiðu 4200 iðkendur á TM móti Stjórnunnar

Um 600 sjálfboðaliðar á TM móti Stjórnunnar



Stemming! Frá TM móti Stjórnunnar í fyrra

Þetta er 14 árið sem mótið fer fram, en keppt er í 6., 7. og 8. flokki karla og kvenna og er spilaður 5 manna bolti, en þátttakendur koma að stærstum hluta af höfuðborgarsvæðinu en einnig víðsvegar af landinu. Það sem hefur meðal annars gert mótið svona vinsæla er að viðvera hvers liðs er ekki meira en tvær klukkustundir, því stutt er á milli leikja. Úrslit leikja er ekki skráð, en liðunum er raðað í fjóra styrkleikaflokkar

600 sjálfboðaliðar taka þátt

Það er ekki hægt halda svona stórt mót nema með þátttöku sjálfboðaliða sem sinna fjölda verkefna á mótinu, en um 600 sjálfboðaliðar hjálpa til á meðan mótinu stendur m.a. við undirbúning, veitingasölu, vallaþular, uppsetningu, verðlaunaafhendingu og þá koma iðkendur úr öðrum

yngrí flokkum og dæma leikina á þessum fjórum dögum.

Mótið er því mjög mikilvægt fjárfunarmót fyrir yngri flokkastarfið innan knattspyrnu-deildar Stjórnunnar, en vinnan einkennist af samheldni, vinnusemni og fagmennsku.

Bæjarbúar hvattir að mæta og fylgjast með stjórnun framtiðarinnar
Bæjarbúar eru hvattir til að fá sér gönguferð á Samsung-völlinn á meðan mótinu stendur til að fylgjast með knattspyrnu-stjórnun framtiðarinnar, fá sér góðan kaffibolla og meðlæti og styrkja um leið gott málefni.

Leikirnir eru spilaðir á 16 völlum á Samsung-vellinum, daga 20.-21. og 28.-29. apríl frá kl. 08-18:00.

Flakk, fjármál og sitthvað fleira

„Hvað á að koma í Miðgarð?“
„Það þarf að bæta nýtinguna á eignum bæjarins og því finnst mér að það eigi að vera opið lengur í Jónshúsi“
„Ég er ánægð með ykkur og langaði bara að segja þér það“
„Hvað er að gerast með gamla nunnuklaustrið?“
„Það þarf að laga bílastæðamálín hérna í Sjálandinu“
„Snjómoksturinn hefur verið til fyrirmyndar“
„Við þurfum að ganga betur um grenndargámala“
„Hver er staðan í leikskólamálu?“



Almar fór á flakk um Garðabæ í febrúar og mars og átti samtalið við bæjarbúa

Andinn er góður í Garðabæ og íbúar hafa svo sannarlega áhuga á sínu nærumhverfi. Það fann ég vel þegar ég fór á „flakk“ um bæinn núna í febrúar og mars. Tilvitnanimar hér eru einmitt úr samtölum mínum við íbúa í Ásgarði, Urriðaholtsskóla, á Dæinn kaffihúsi, í Álftaneslaug og Jónshúsi. Samtölin voru mörg og mjög fjölbreytt. Mér finnst gott og nauðsynlegt að setjast niður með íbúum og hlusta á það sem brennur á fólki. Sum mál var hægt að afgreiða strax, önnur voru eða verða skoðuð nánar og stundum þarf einfaldlega að segja nei.

Það voru allnokkrir foreldrar barna á leikskólaaldri sem gáfu sér tíma til að ræða við mig, fyrir hönd barna sem þá biðu eftir leikskólaplássi. Það voru góð samtöl og mikil brýning. Góðu fréttirnar eru þær að við komum 70 börnum í dvöl núna nýverið. Staða innritunar fyrir haustið er góð og nýlega mátti sjá í fjölmiðlum að yngstu börnin á höfuðborgarsvæðinu sem fá leik-

skóladvöl eru börn í Garðabæ og Mosfellsbæ. Við erum að bæta upplýsingagjöf um leikskólamálefni, enda var hún því miður ekki nægilega traust í vetur.

Verjum trausta fjárhagsstöðu

Garðabær er gott og sterkt samfélag sem hefur vaxið hratt á undanföllum árum og við finnum fyrir auknum þjónustukröfum. Traust fjárhagsstaða er undirstaða þess að Garðabær sé vel undir það búinn að mæta þjónustu við fjölgun nýrra íbúa samhliða uppbyggingu nýrra hverfa, meðal annars á Álftanesi, á Hnoðraholti og í Vetrarmýri.

Við birtum nýlega ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2023 og er hann til umfjöllunar í bæjarstjórn í vikunni. Hann verður staðfestur endanlega í byrjun maí. Afkoman var jákvæð um 1,6 milljarð króna og reikningurinn endurspeglar mikla uppbyggingu í bænum. Miklar framkvæmdir, háir vextir og verðbólga og á heildina lítið afar

krefjandi rekstrarumhverfi einkenna ársreikninginn fyrir árið 2023. Í ljósi þess er jákvæð afkoma ánægjuefni. Við erum þó mjög meðvituð um að grunnrekstur bæjarins þarf að batna og að skuldahlutföll hafa hækkað nokkuð á því framkvæmdaskeiði sem við erum að ganga í gegnum. Viðamiklar hagræðingaraðgerðir sem komu fram í fjárhagsáætlun ársins 2024 eru því afar þýðingarmiklar og liður í því að verja traustan fjárhag bæjarins.

Það sem gleður mig mest er hversu áhugasamir íbúar bæjarins eru um Garðabæ um að við gerum vel og sinnum bæjarfélaginu. Fyrir vikið hlakka ég til að fara aftur á flakkið og er þakklátur fyrir að íbúar upplifa góða þjónustu í bænum okkar. Íbúar Garðabæjar fylgjast nefnilega vel með, er umhugað að við förum vel með fjármuni og eignir bæjarins og auðvitað að við séum meðvituð um mikilvægi góðrar þjónustu.

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar

Framtíðar veitingastaður á Álftanesi

Garðabær auglýsir um þessar mundir eftir áhugasömum aðilum til að byggja og starfrækja veitingahús á lóð við Breiðumýri 2 á Álftanesi.


Lóðin er 2.350 m² að stærð og er heimilt að byggja á henni veitingahús sem er allt að 340 m² að stærð.

Lóðin er á opnu svæði á horni Suðurnesvegur og Breiðumýrar en á svæðinu á sér

stað uppbygging nýs íbúðarkjarna með um 250 nýjum íbúðum.

Um nánar skipulagsskilmála lóðarinnar er vísað til skipulagsuppráttanna.

Umsóknnum skal skilað til þjónustuvers Garðabæjar í Ráðhúsinu, Garðatorgi 7 í síðasta lagi 30. apríl 2024 kl.16:00.



FRÍMANN & HÁLFVÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímann
897 2468

Hálfván
898 5765

Ólöf
898 3075

Kristín
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is

Sumardagurinn fyrsti í

BorgarPlus!

Marrakesh
24. - 28. apríl

Beint flug og gisting frá
129.900
á mann m.v. 2 fullorðna

Porto
25. - 29. apríl

Beint flug og gisting frá
109.900
á mann m.v. 2 fullorðna

BÓKAÐU Á PLUSFERDIR.IS



TM

Góða skemmtun á TM móti Stjörnunnar

Ungar knattspyrnuhetjur munu fylla
Garðabæ af fjöri um komandi helgi,
TM óskar þeim og forráðamönnum
góðrar skemmtunar

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út 25. apríl

Síðasti skiladagur föstudaginn 19. apríl
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár (Frá 1989)

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ
VIRÐING
TRAUST
REYNSLA

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta

S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

utforin.is

REYKJAVÍK | KÓPAVOGI | GARÐABÆ | HAFNARFIRDI | LANDSBYGGÐINNI

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSAÞÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Fjölskyldur í Garðabæ og þeirra gestir eiga von á innihaldsríkri og skemmtilegri Barnameningarhátíð

Börn í Garðabæ fá að skapa, njóta og upplifa vikuna 22. – 27. apríl en þá fer fram Barnameningarhátíð Garðabæjar sem lýkur með dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Dagskrá fyrir skólahópa fer fram dagana 22. – 26. apríl í Hönnunarsafni Íslands, á Bókasafni Garðabæjar, í Minjagarðinum á Hofsstöðum og á Garðatorgi.

Nemendur í 1. bekk taka þátt í danspartíi með yfirskriftinni Dansað um heiminn en partíin fara fram á Garðatorgi 4 og þau Friðrik Agni og Anna Claessen leiða dansinn. Allt að 60 börn dansa í hvert skipti en á laugardegi er fjölskyldum boðið í dans klukkan 15 á torginu við hlið apóteksins.

Nemendur í 3. bekk hitta þjóðfræðinginn Dagrúna Ósk Jónsdóttur í Minjagarðinum á Hofsstöðum og skyggast inn í líf landnámskrakka sem bjuggu einmitt í bænum sem stóð þar sem Minjagarðurinn er núna. Í gegnum margmiðlunarsjónauka geta nemendur skyggast inn í fortíðina og Dagrún Ósk um leiða hugleiðingar og spjall um lífið á landnámsstíma. Dagrún Ósk tekur á móti fjölskyldum klukkan 14 laugardaginn 27. apríl í Minjagarðinum.

Nemendur í 5. bekk taka þátt í ritmiðju með rithöfundinum Bergrúna Írisi sem mun leiða vinnu sem opnar leiðir fyrir nemendum til að gera betri sögur og söguþráð. Ritmiðjurnar fara fram á Bókasafni Garðabæjar.



Það er ávallt líf og fjör á Barnameningarhátíð í Garðabæ

Nemendur í 7. bekk skoða svo sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili og þæla í sínum uppáhalds hönnunargripum sem fyrir augu ber á Hönnunarsafninu. Nemendur fá bingóspjöld sem kveikja á hugrenningatengslum milli orða á spjaldi og þess sem fyrir augu ber og í kjölfarið skrifa nemendur texta sem tengist uppáhaldssafngripunum sínum.

Tvær nýjar sýningar,
Forsetinn minn og Eldblómahaf

Tvær sýningar verða auk þess opnaðar á Barnameningarhátíð en það er sýningin Forsetinn minn á Bókasafni Garðabæjar en það eru 5 ára nemendur Sjálandsskóla og Barnaskóla Hjallastefnunnar sem hafa unnið sýninguna. Hin sýningin er Eldblómahaf í Hönnunarsafni Íslands en það eru allir nemendur í 4. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem eiga veg og vanda að

sýningunni sem unnin er í smíðjum með danshöfundinum Siggu Soffíu og hönnuðinum Siggu Sunnu.

Laugardaginn 27. apríl fer svo fram fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna sem hefst með ástandsskoðun og þrautabraut frá DR. Bæk sem hefst kl. 11. Klukkan 12 hefst svo Draugfræðsla á Bókasafninu með Björk Bjarnadóttur þjóðfræðingi sem segir hræðilegar, áhugaverðar og myndnar draugasögur og allir þátttakendur fá afhentan galdrastafinn Salómons innsigli sem er sterk vörn gegn draugum. Allir ættu því að vera öryggir eftir þessa æsispennandi fræðslu. Klukkan 13 hefst svo Eldblómasmiðja í Hönnunarsafninu þar sem Þykó eldblóm verða til úr ullargarni, silkippappír og allskonar fjölbreyttum efni við. Það eru stöllumur Sigga Soffía og Sigga Sunna sem leiða smíðjuna en þær tóku einmitt á móti öllum 4. bekkjum í smíðjum og afraksturinn er sýndur á safninu. Í Minjagarðinum á Hofsstöðum gefst svo fjölskyldum færi á að skyggast inn í fortíðina með Dagrúna Ósk þjóðfræðingi sem leiðir þælingar um lífið í landnámsbænum sem stóð á Hofsstöðum, dagskráin í Minjagarðinum hefst kl. 14 og í kjölfarið geta fjölskyldur skottast niður á Garðatorg og tekið þátt í danspartíi með Friðriki Agna og Önnu Claessen sem hefst kl. 15.

Fjölskyldur í Garðabæ og þeirra gestir eiga því von á innihaldsríkri og skemmtilegri Barnameningarhátíð í Garðabæ!



Hundabann á varptíma við vötnin



Hundum er bannaður aðgangur í friðlandi Vífilsstaðavatns og Urriðavatns yfir varptímann, tímabilið 15. apríl til 15. ágúst.

Allir eru hvattir til að vernda fuglalíf við vötnin



Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn](https://www.facebook.com/Gardaposturinn) · [Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur) · [Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)



Bókaðu tíma á netinu

Það er stutt í sumarið og líka í Nesdekk!

Nesdekk Garðabæ - Lyngás 8.

Fáðu ráðleggingar fagmanna okkar við val á réttum dekkjum fyrir bílinn þinn.



Bókaðu tíma og skoðaðu
dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Almar heimsótti liðsmenn Goða og Arna í Sjálandsskóla



Bæjarstjórinn heimsótti sigurljóðin. F.v. Guðbjörg Linda Udengard, sviðsstjóri fræðslu- og menningar sviðs Garðabæjar, Birkir Snær Ólafsson, Róbert Kári Jónsson, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Þorkell Gauti H. Dungal, Egill Dofri Agnarsson, Matthías Þór Ólafsson, Arngerður Jónsdóttir liðsstjóri liðanna og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri í Garðabæ heimsótti Sjálandsskóla í síðustu viku, en tilgangurinn var fyrst og fremst að óska nemendum skólans, sem stóðu sig svo frábærlega í undankeppni Evrópsku tölfraðikeppninnar, Greindu betur, til hamingju með góðan árangur.

Eins og greint var frá í Garðapóstinum í síðustu viku þá gerði Sjálandsskóli sér lítið fyrir og varð í tveimur efstu sætum í yngri flokknum í keppninni, en Goðar sigruðu með verkefnið Tekjur á Íslandi og í öðru sæti voru Ermirnir, einnig frá Sjálandsskóla, með verkefnið Greining á ferðamennsku hér á landi.

Liðsmenn liðanna ræddu við Almar og föruneysi og útskýrðu m.a. verkefnið fyrir þeim, en keppnin er þverfaglegt tilraunaverkefni sem ætlað er að veita unglíngum á aldrinum 14 til 18 ára tækifæri til þess að efla hæfni sína í því að nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnn hátt og getu sína til þess að taka upplýstar ákvarðanir.

Nú er komið í ljós að bæði lið Sjálandsskóla geta tekið þátt í Evrópukeppninni ef þau hafa áhuga, en fyrirkomulag keppninnar er þannig að þátttökuliðin senda inn myndband og greinagerð um sitt viðfangsefni. Liðin fara ekki erlendis nema mögulega ef þau vinna keppnina. Það er þó ekki alveg ákveðið hvernig því er háttáð og ekki hvar verðlaunaafhending fer fram.

Verkefnum á að skila inn í síðasta lagi 13. maí svo það er ströng törn framundan hjá þátttakendum í Sjálandsskóla ef þeir ákveða að vera með.



Kveikjum neistann, nærurum og njótum



Skipulagsnefnd námsstefunnar 2024: Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar á Heilsuleikskólanum Holtakoti á Álftanesi, Heilsuleikskólanum Garðaseli í Reykjaneshæ, Heilsuleikskólanum Heiðarseli í Reykjaneshæ og Heilsuleikskólanum Skógarási í Reykjaneshæ

Þann 4. nóvember 2005 voru Samtök Heilsuleikskóla stofnuð í Kópavogi. Tilgangur þeirra er að stuðla að heilsuefningu í leikskólasamfélagi, gæta hagsmuna Heilsuleikskóla, efla samheldni skólanna og skapa vettvang til fræðslu og skoðanaskipta. Á fyrsta aðalfundi samtakanna, sem haldinn var þann 17. mars 2006 var frumkvöðull og upphafskona Heilsustefunnar, Unnur Stefánsdóttir, kosin fyrsti formaður samtaka heilsuleikskóla. Unnur Stefánsdóttir var, á þeim tíma leikskólastjóri leikskólans Skólatróð, sem seinna fékk nafnið Urðarhóll. En Urðarhóll er jafnframt fyrsti Heilsuleikskólinn á Íslandi. Leikskólinn fékk titilinn árið 1996 nokkrum árum áður en samtökin voru stofnuð.

Heilsuskólinn Holtakot á Álftanesi er í samtökum Heilsuskóla, en Ragnhildur Skúladóttir, er leikskólastjóri skólans.

Námsstefna fyrir heilsuskóla landsins

Samtök Heilsuleikskóla stóðu fyrir námsstefnu fyrir Heilsuleikskóla landsins sem fram fór í Hljómahöllinni í Reykjaneshæ, föstudaginn 15. mars 2024. Námsstefnan bar yfirskriftina „Kveikjum neistann, nærurum og njótum.“ Tæplega 200 manns tóku þátt í deginum. Starfsmenn frá 16 skólum, þar af eru 13 skólar Heilsuleikskólar og 3 skólar á Heilsubraut. Forvarnsjóður íþróttu og tómstundaráðs í Reykjaneshæ veittu samtökum Heilsuleikskóla styrk sem nýtt var til þess að gera þessa námsstefnu að veruleika.

Aðalfundur Samtaka Heilsuleikskóla var haldinn fimmtudaginn 14. mars 2024, í Búmannssal í Reykjaneshæ, daginn fyrir námsstefnugagninn sjálfan.

Námsstefnuna skipulögðu stjórnendur fjögurra Heilsuleikskóla, Heilsuleikskólinn Holtakot á Álftanesi, Heilsuleikskólinn Garðasel í Reykjaneshæ, Heilsuleikskólinn Heiðarsel í Reykjaneshæ og Heilsuleikskólinn Skógarás í Reykjaneshæ.

Námsstefnugestir mættu galvaskir í hús upp úr 8.30 þar sem tekið var á móti þeim með lykklakippu að gjöf með merki Heilsustefunnar. Gestunum var vísað inn í sal þar sem boðið var upp á kaffi/vatn og léttu morgunhressingu áður en dagskráin hófst formlega.

Námsstefnan var sett kl. 9 og stóð til kl 15:00. Sigrún Hulda Jónsdóttir, leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi setti námstefnuna.



Garðabæingurinn Hermundur Sigmundsson, var með fyrirlestur í Reykjaneshæ

Í dag eru Heilsuleikskólarnir orðnir 21 á landinu, og eru 3 leikskólar til viðbótar sem eru á Heilsubraut sem vinna að því markmiði að fá titilinn Heilsuleikskóli.

Fyrsti fyrirlestur dagsins fjallaði um hvernig við kveikjum ástríðu barna í tengslum við hreyfingu, heilastarfsemi og vellíðan. Fyrirlesarinn, Hermundur Sigmundsson, er doktor í lífeðlisfræðilegri sálfræði og hefur unnið margar áhugaverðar rannsóknir sem snúa að menntun og þroska barna og hvernig er hægt ýta undir ástríðu barna.

Anna Sofia Wahlström, verkefnastjóri við leikskólann Gefnaborg í Suðuresjabæ, var með fyrirlestur þar sem hún fjallaði um leiðir til þess að hlúa að sköpunarþættinum í leikskólalærni í tengslum við aðalnámskrá leikskóla. Hún fjallaði um sköpun í sinni víðustu mynd og hversu mikilvægt er að gefa börnum tækifæri til að skapa á sem fjölbreyttastan hátt.

Eftir hádegishlé var komið að þriðja og síðasta fyrirlesara dagsins, en það var hann Björgvin Franz Gíslason, leikari. Björgvin Franz var með fyrirlesturinn „Okið undan sjálfum mér“ þar sem hann fjallaði um hvernig hann náði sjálfum sér úr vinnubrjálæði í innri ró og raunverulega starfsánægju og velti því upp hvernig maður nær þeim árangri að verða betri starfskraftur með því að eyða meiri tíma með fjölskyldu og vinum.

Í lok dags var svo gestum námsstefunnar boðið yfir á Rokksafn Íslands áður en haldið var heim á leið.



eignaumsjon.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2023 Eignaumsjón 2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri Vísipólurinn 2023

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

EIGNAumsjón
lykill að öruggum rekstri fasteigna
Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800

Vorverkin í Garðabæ!

Eins og síðustu ár eru Garðbæingar hvattir til að taka þátt í vorverkunum með sameiginlegu átaki. Gerum Garðabæ að snyrtilegasta bæ landsins!

22. APRÍL – 6. MAÍ
HREINSUNARÁTAK

27. APRÍL
PLOKKDAGUR Í URRÍÐAHOLTI

8. – 21. MAÍ
VORHREINSUN LÓÐA

28. APRÍL
STÓRI PLOKKDAGURINN





1500 fræ

Meðmæli eru frækorn. Við erum að sá og fjárfesta til framtíðar. Við munum enn fremur uppskera eins og við sáum. Ef við sáum þeirri hegðun að frambjóðendur verði að vera þekkt andlit, með reynslu úr pólitík eða opinberri þjónustu – þá uppskerum við eftir því. Umsóknarkröfum ætti þá að breyta til samræmis hið snarasta sem og heiti starfsins. Embætti fyrir útvalda. Embætti fyrir fræga. Embætti fyrir völd og pólitík.

Sé aftur á móti embætti forseta Íslands eina sameiginlega embætti þjóðarinnar er ráðlegt að koma þannig fram við það. 1500 meðmæli eru fræ til framtíðar. Við erum að kenna okkur og börnunum okkar að við eigum öll jöfn tækifæri á Íslandi. Við eigum að sækja til að skapa nýja siði og venjur, vera óhrædd, áræðin, upplitsdjörf og aldrei gefast upp. Taka glaðlega og vel á móti þeim sem standa upp og sækja, hrósa, hvetja og veita framgöngu þeim sem hafa fyrir því. Fram fram aldrei að vikja, fram fram bæði menn og fljóð.

Fræð og frami telst ekki til hæfnipátta ein og sér og alls ekki það sem þarf til að sinna starfi forseta lýðveldisins. Fyrri störf duga skammt - starfið er ólíkt öllum öðrum og með einstakt starfsumhverfi. Það þarf ofgnótt af mennsku til að sinna starfi forseta Íslands. Það þarf opið hjarta, réttýni, heiðarleika, glaðlyndi og þolgæði. Mannkosti.



Sigríður Hrund Pétursdóttir

Val er vald. Veljum að iðka lýðræði, tjáningarfrelsi og jafnræði með því að breiða út blævæng tækifæranna og hleypra fjölbreyttum röddum að til meðmæla. Fjárfestum í framtíð Íslands - uppskeran verður gjöful og okkur öllum til gæfu og giftusemi.

Mældu með frambjóðanda sem hefur ekki náð meðmælendafjölda nú þegar og sáðu fræ til framtíðar.

Sigríður Hrund Pétursdóttir,
forsetaframbjóðandi

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

Eftir 30 ár fer kór Vídalínskirkju aftur í kórferð til Ungverjalands



Kór Vídalínskirkju er á leiðinni í menningar- og söngferð til Búdapest í Ungverjalandi dagana 10.-17. júní

Kór Vídalínskirkju hyggst leggja land undir fót dagana 10.-17. júní n.k. í menningar- og söngferð til Búdapest í Ungverjalandi. Verið er að dusta rykið af fyrri áformum kórsins frá árinu 2020 að halda til Ungverjalands en vegna Covid-19 faraldursins þurfti að hætta við þá ferð á síðustu stundu.

Í tengslum við ferðina verða uppákomur á vegum kórsins á næstunni:

- **Sunnudaginn 21. apríl:** Kökubasar í safnaðarheimili Vídalínskirkju kl. 12:00, að lokinni messu eldri borgara. Upplagt tækifæri að ná sér í köku og styrkja kórin um leið. Heitt á könnunni og söngur!
- **Miðvikudaginn 1. maí:** Vortónleikar með efnisskrá Ungverjalandferðar í Vídalínskirkju kl. 17:00. Aðgangseyrir kr. 3.000.

- **Sunnudaginn 9. júní:** Kórin syngur fyrir gesti og gangandi í „Hörpuhorni“ í Hörpu í Reykjavík frá kl. 14:00-14:30. Frítt inn og allir velkomnir!

Skipulag ferðarinnar er í höndum fyrrum kórstjóra kórsins, Ferenc Utassy frá Ungverjalandi. Hann þekkir vel til kórsins og var í nokkur ár organisti við Vídalínskirkju m.a. árið 1995 þegar Vídalínskirkja var vígð. Hann skipulagði einnig og stjórnmaði kórnum í ferð sem farin var fyrir 30 árum til Ungverjalands.

Ferenc er nú ræðismaður Íslands í Ungverjalandi. Hann hefur í fjölda ára tekið á móti hópum íslendinga, sem fararstjóri til Ungverjalands og um heim allan. Í dag býr Ferenc í Búdapest og rekur þar ferðaskrifstofu.

Í Kór Vídalínskirkju eru 40 kórfélagar og til gaman má geta þess að enn eru nokkrir kórfélagar sem fóru í ferðina fyrir 30 árum starfandi í kórnum og taka því þátt í þessari ferð.

Vandað verður til efnisskrár vortónleikanna og flutt blanda af kirkjulegri og veraldlegri íslenski kórtónlist, íslenskum þjóðlögum og þekktum eldri og nýrri kórlögum.

Núverandi kórstjóri og organisti er Jóhann Baldvinsson en hann hlaut m.a. heiðursviðurkenningu listamanna í Garðabæ sem veitt voru í Sveinatungu fyrir tveimur árum.

Kæru velunnarar! Hlökkum til að sjá ykkur sem flest á viðburðum kórsins.

BÆJARMÁLAFUNDUR

Grunnskólar

Á næsta bæjarmálafundi, **þriðjudaginn 23. apríl n.k. kl. 18:00** ræðum við um málefni grunnskóla.

Í Garðabæ eru 8 grunnskólar og starfsemi þeirra snertir því stóran hluta íbúa bæjarins.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar og forseti bæjarstjórnar verður gestur okkar.

Húsið opnar kl. 17:30.

Pizzur og drykkir á boðstólum, allir velkomnir.

Stjórn Sjálfstæðisfélags Garðabæjar



SUMARDAGURINN FYRSTI



Garðabæ

14:00

Skrúðganga frá
Hofsstaðaskóla

Aníta Rós

Villi Naglbítur

Fjör

Andlitsmálun

Guðrún Kristín
og Bjarni

Sleikjó

Töframenn

14:30

Skemmtidagskrá í Miðgarði

Veltibíllinn

Hoppukastalar

Nammi



Íbúar fylgist með þökum vegna máva

Varp tímabil máva hefst í lok maí - byrjun júní en með því að byggð færast að hefðbundnum varplöndum þá verður náþýli máva og íbúa umtalsvert. Garðabær hefur staðið fyrir fræðslu til íbúa í þeirri von að þeir geti búið í námunda við Gálgahraun og Arnarnesvog í sátt og samlyndi við náttúruna sem þar er. Ekki má hrófla við varpi í friðlandi bæjarins.

Fuglafræðingar telja fjölda máva ekki óeðlilega mikinn í Garðabæ en stofninn sveiflast með fjölda síla í sjónum. Þegar þeim fækkar sækir mávurinn meira upp á land í leit að æti.

Meindýraeyðar hafa bent á að eigendur húsnæðis eða húsfélög geti t.d. sett upp fælur á þök, eins konar veifur.

Meindýraeyðir á vegum Garðabæjar hefur límt fuglagadda á alla ljósastaura í Sjálandi og víðar í bæjarfélaginu til að mávar geti ekki hafst við á staurunum auk þess verður stungið á egg mávanna eins og undanfarin ár (þ.e.a.s. egg sem ekki eru í friðlandi bæjarins). Fleiri fuglagaddar verða settir upp nú á næstu vikum, meðal annars á ákveðnum stöðum á Álftanesi.

Mikilvægt er að fylgjast með þökum og öðrum setstöðum reglulega til að koma í veg fyrir að önnur hreiður verði gerð á sama stað.

Þegar varptími Máva hefst geta íbúar gripið til ýmissa aðgerða. Íbúar eru hvattir til þess að fylgjast með þökum sínum og öðrum stöðum sem mávar gætu nýtt sem varpstaði eða set staði. Húsfélög eru hvött til að standa saman að því að vakta húspök á fjölbýlishúsum.



Varp tímabil máva hefst í lok maí - byrjun júní en með því að byggð færast að hefðbundnum varplöndum þá verður náþýli máva og íbúa umtalsvert.

Þrjár aðferðir hafa reynst bestar við að stemma stígu við áganginum, en þær eru:

- truflun,
- eggjaeyðing og/eða
- eggjatínsla (þ.e.a.s. sem ekki eru í friðlandi bæjarins).

Meindýraeyðar geta aðstoðað við að fjarlægja hreiður mávanna eða unga.

Þá er afar mikilvægt að loka fyrir fæðuupp-sprettur af mannavöldum – svo sem rusl, fæðuafganga, brauðgjafir o.fl. Matargjafir til smáfugla eru þar auðvitað undanskildar, en matarafgangar sem settir eru á opin svæði eða göngustíga geta laðað að mávana.

Á vef Garðabæjar má kynna sér fræðslufni sem Arnór Þ. Sigfússon, dýravistfræðingur hjá Verkís tók saman fyrir Garðabæ.

Bestu kokkar landsins fóru á kostum í IKEA

Hinrik Örn er kokkur ársins og Bjarki Snær grænmetiskokkur ársins

Það skapaðst skemmtilegt stemning í IKEA í síðustu viku þegar keppnin Kokkur ársins 2024 var haldin í þriðja sinn í versluninni dagana 11.-14. apríl. Fimm fullbúin eldhús voru sett upp á sjálfsafgreiðslulagnum þar sem fremstu kokkar landsins kepptu og matreiddu forrétt, aðalrétt og eftirrétt fyrir dómara. Að auki fengu 60 heppnir gestir að gæða sér á réttunum.

Hinrik Örn er kokkur ársins

Það var Hinrik Örn Lárusson hjá Lux veitingum sem sigraði í keppninni Kokkur ársins árið 2024. Ísak Aron Jóhannsson ZAK veitingar hafnaði í öðru sæti og Wiktor Pálsson hjá Speilsalen í Noregi lenti í þriðja sæti.

Keppnin var spennandi en Hinrik Örn var ekki bara útnefndur besti kokkur landsins því hann hlaut einnig þátttökurétt fyrir Íslands hönd í Nordic Chef of the Year 2025. Þess má geta að keppendur nutu



Kokkur ársins! Hinrik Örn

aðstoðar fyrsta árs nema í Hótel- og veitingaskólans í MK.

Grænmetiskokkur ársins er Bjarki Snær

Það var Bjarki Snær Þorsteinsson frá Lux veitingum sem vann titilinn Grænmetis-



Grænmetiskokkur ársins! Bjarki Snær

kokkur ársins 2024 fyrstur allra en þetta er í fyrsta sinn sem keppt eru um titilinn. Monica Daniela Panait hjá Hótel Geysi hafnaði í öðru sæti og Þórarinn Eggertsson hjá Smakk veitingum lenti í þriðja sæti.



Dómarar og þátttakendur að störfum

Óska eftir húsi í langtímaleigu

Danskt fyrirtæki (Saint-Gobain Distribution Denmark) leitar að 3-4 svefnherbergja og 2 baðherbergja húsi í langtímaleigu, án húsgagna, fyrir stjórnanda fyrirtækisins á Íslandi.

Húsið þarf að vera staðsett í Garðabæ.

Leigutaki getur tekið við húsinu í kringum 1. júlí.

Nánari upplýsingar í síma 661 8870 eða kim.eriksen@bd.dk



Útboð

Urriðaholtsskóli 3. áfangi

GARÐABÆR AUGLÝSIR EFTIR TILBOÐUM Í VERKIÐ

URRIÐAHOLTSSKÓLI 3. ÁFANGI – UPPSTEYPA OG FULLNAÐARFRÁGANGUR HÚSS OG LÓÐAR.

ÚTBOÐIÐ ER ALMENNT OPIÐ ÚTBOÐ.

Urriðaholtsskóli í Garðabæ er nýr heildstæður skóli fyrir 1.- 10. bekk, ásamt 6 deilda leikskóla. Byggingin er 2ja hæða skólabygging auk kjallara. Byggingu 2. áfanga er nýlokið.

Þriðji og síðasti áfangi skólans er íþróttasalur og innisundlaug ásamt tilheyrandi rýmum auk kennslurýma að hluta. Áfanginn verður sambyggður við vesturgafli núverandi byggingar og verður að öllu leyti eins og fyrri áfangar. Staðsteyptur með steypu flötu þaki, veggir einangraðir að utan, klæddir álpanelum og timbri að hluta og þakfletir einangraðir, dúkklagðir og tyrfðir. Stefnt er að Breeam vottun áfangans. Jarðvinnu vegna þessa áfanga er að hluta þegar lokið.

Helstu stærðir: Heildarstærð húss alls um 3.800 m²

Mótafletir alls 13.136 m², Steypustyrktarstál alls 249.195 kg, Steinsteypa alls 2.245 m³

Byggingunni skal skilað fullbúinni að utan sem innan 17. apríl 2026.

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum sem eru rafræn og aðgengileg á vef útboðsins: <https://utbodsgatt.is/gardabaer/urridaholtsskoli-3-afangi>

Opnunartími tilboða er 30. apríl 2024 kl 11:00 á Bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Umhverfissvið Garðabæjar

FH byggði mál sitt á því að Garðabær hafi beitt skaðlegri undirverðlagningu í sínu tilboði

Samkeppniseftirlitið hefur hafnað að erindi FH verði tekið til frekari rannsókna vegna samnings Garðabæjar og Knattspyrnusambands Íslands um leigu á Miðgarði

Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni til og hefur því hafnað erindi Fimleikafélags Hafnarfjarðar um rannsókn á leigusamningi Garðabæjar við Knattspyrnusamband Íslands á Miðgarði og segir málinu lokið.

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins, sem var tekið fyrir á fundi bæjarráðs í síðustu viku var málið rakið og greint frá málslokum varðandi kvörtunar FH vegna samningsins.

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins segir:

1. Samkeppniseftirlitið vísar til erindis umbjóðanda þíns, Fimleikafélags Hafnarfjarðar (hér eftir „FH“), dags. 12. desember 2022, vegna samnings Garðabæjar og Knattspyrnusambands Íslands (hér eftir „KSÍ“) um leigu á Miðgarði, fjölnota íþróttahúsi í Vetrarmýri, Garðabæ.

2. Í erindinu er rakið að KSÍ hefði sumarið 2022 óskað eftir tilboðum um leigu á æfinga- aðstöðu fyrir landslið Íslands veturinn 2022-2023. Í kjölfarið, þann 4. október 2022, hefði KSÍ gert samning við Garðabæ um af not á fjölnota íþróttahúsinu Miðgarði í Garðabæ í þrjú ár, eða til 31. mars 2025. Byggir FH á því að Garðabær haf í beitt skaðlegri undirverðlagningu í sínu tilboði og óskaði eftir því að Samkeppniseftirlitið tæki málið til skoðunar. Því til stuðnings var vísað til verðmunar á gjaldskrá Garðabæjar og þess verðs sem Garðabær bauð KSÍ. Samkvæmt uppgjöfinni verðskrá Garðabæjar, sem FH afhenti Samkeppniseftirlitinu, var það verð sem Garðabær bauð KSÍ um 34% af verði skv. fullri verðskrá fyrir leigu á Miðgarði. Byggir kvartandi kröfur sínar á 10. gr. og 16. gr. samkeppnislaga og fer fram á að eftirlitið gripi til aðgerða á grundvelli b-liðar 1.mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt ákvæðinu getur eftir-



Leigusamningur Garðabæjar og KSÍ vegna Miðgarðs verður ekki rannsakaður frekar eins og FH óskaði eftir, en FH var áður með leigusamning við KSÍ vegna mannvirkja félagsins í Kaplakrika í Hafnarfirði sem þeir hafa nú misst

litið gripið til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, að því tilskyldu að sérlægð hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna.

3. Garðabæ var gefinn kostur á því að tjá sig um kvörtun FH og barst Samkeppniseftirlitinu umsógn sveitarfélagsins þann 17. maí 2023. Umsógn sinni hélt Garðabær því fram að tilboði þeirra til KSÍ hefði tekið mið af gjaldskrá vegna leigu á aðstöðu í íþróttahúsinu fyrir árið 2022. Við samningu gjaldskrárinnar hafi verið tekið tillit til byggingarkostnaðar, áætlaðs rekstrarkostnaðar og þess sem almennt þekkist við leigu á sambærilegri aðstöðu. Gjaldskráin feli í sér mismunandi gjald eftir tegund og stærð aðstöðu og eftir því hvaða tíma dags, vikunnar og ársins um er að ræða. Gjaldskráin gerði síðan ráð fyrir 30-40% afslætti ef leigt væri til 3-6 mánaða og 50% afslætti fyrir fastakúnnna. Að mati Garðabæjar sé þessi framsetning í samræmi við það sem almennt er lagt til grundvallar við leigu á sambærilegri aðstöðu.

4. Garðabær hafnar því í umsógn sinni að leiguverð eigi fortaklaust að endurspeglan allan byggingar- eða rekstrarkostnað. Ekki sé hægt að nota byggingar- og rekstrarkostnað sem einhlítan mælikvarða á leigu, enda er húsnæðið ekki byggt og rekið í þeim tilgangi að hafa af henni leigutekjur, heldur til að styðja við og efla íþrótt- og æskulýðsstarf í sveitarfélaginu og uppfylla skyldur sveitarfélagsins í því sambandi. Í umsógn sinni tekur Garðabær fram að í samningnum felst ekki að KSÍ eigi einkarétt eða fortakslausan afnotarétt að aðstöðunni á þeim tíma sem samningurinn tekur til, heldur aðeins að sambandið eigi forgang skv. fyrirfram ákveðinni stundatöflu sem KSÍ ber að afhenda fyrir hvert tímabil.

5. Kvartandi brást við sjónarmiðum Garðabæjar með bréf í, dags. 6. júní 2023. Í erindinu er lögð áhersla á að kvartandi reiði sig á tekjur í starfsemi sinni til að geta staðið undir rekstri sínum. Hafi hann ekki aðgang að öðrum fjármunum, s.s. útsvarstekjum sveitarfélaga. Öðru máli gegni um Garðabæ, sem fjármagni að líkindum knattspyrnu Miðgarð með útsvarstekjum sínum.

6. Samkeppniseftirlitið hefur yfirfarið framkomin sjónarmið og upplýsingar og tekið afstöðu til frekari meðferðar málsins. Við það mat horfði Samkeppniseftirlitið óhjákvæmlega til þess að löggjafinn hefur talið það mikilvægt að Samkeppniseftirlitið geti í aðalatriðum stýrt sjálfstjórnun þess mannafla og fjármuna sem það hafi yfir að ráða til þess að sinna verkefnum sem brýnust þykja hverju sinni í því skyni að efla samkeppni, sbr. 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfest heimild eftirlitsins til þess að forgangsræða málum, sbr. t.d. úrskurði í málum nr. 4/2012, 6/2013, 1/2014, 7/2016 og 4/2019.

7. Í 2. mgr. 9. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins, eru í dæmaskyni talin upp atriði sem áhrif geta haft á mat á tilefni rannsókna. Þau sjónarmið hafa enn fremur þýðingu við mat á forgangsröðun mála, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2012, Samskip hf. gegn Samkeppniseftirlitinu. Þannig segir t.a.m. í úrskurði áfrýjunarnefndar í máli nr. 4/2019, Langa ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu: „Í úrskurðarfráttunni áfrýjunarnefndarinnar, sbr. mál nr. 4/2012, hefur Samkeppniseftirlitinu jafnframt verið talið heimilt að hætta rannsókn og fella mál niður á grundvelli 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Hefur áfrýjunarnefndin þannig játað Samkeppniseftirlitinu ákveðið svigrúm við mat á því hvernig fjármunum stofnunarinnar er varið til brýnustu verkefna á hverjum tíma en ákvarðanir eftirlitsins um að hætta rannsókn eða hafna því að rannsaka mál sæta endurskoðun nefndarinnar. Þá verður að hafa í huga að ekki er sjálfgefið að að sá sem telur að samkeppnislög hafi verið brotin eigi lögvarinn rétt til að rannsókn sé hafin á meintu broti á vegum stjórnvalda.“

8. Við mat á framangreindu hefur eðli máls samkvæmt þýðingu það rekstrarsvigrúm sem Samkeppniseftirlitinu eru búið til að sinna verkefnum sínum. Hefur Samkeppniseftirlitið opinberlega gert grein fyrir því að verkefnaálag og ófullnægjandi fjárheimildir geri eftirlitinu erfitt um vik að sinna lögbundnum skildum sínum, sbr. m.a. umsógn Samkeppniseftirlitsins til fjárlaganefndar dags. 14. nóvember 2023.

9. Það er mat Samkeppniseftirlitsins, með vísan til framkominna upplýsinga og heimildar 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga til forgangsröðunar auk 2. mgr. 9. gr. reglna nr. 880/2005 um mat á tilefni til rannsókna, að ekki séu forsendur eða tilefni til að taka málið til frekari rannsókna.


10. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri málum bent opinberum aðilum á leiðir til að gæta þess að samkeppni á milli fyrirtækja sé ekki raskað þegar kemur að ráðstöfun eigna eða gæða sem þessir aðilar búa yfir. Hvað sveitarfélög varðar og leigu og sölu á húsnæði í þeirra eigu var sérstaklega fjallað um það í áliti Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012, Gæta skal að samkeppnissjónarmiðum við útleigu og sölu húsnæðis á vegum hins opinbera.“

Í meðfylgjandi bréfi Samkeppniseftirlitsins til Garðabæjar er athygli vakin á framangreindu áliti og því beint til sveitarfélagsins að gæta þess að samkeppni milli fyrirtækja sé ekki raskað þegar kemur að ráðstöfun eigna eða gæða sem opinberir aðilar búa yfir. Er það gert í formi almennra tilmæla og leiðbeininga.

Líkt og fyrr segir verður erindi FH ekki tekið til frekari rannsókna.

SUMARSTARF STJÖRNUNNAR 2024

Öll námskeiðin eru í formi hálf dags og gefst þar sveigjanleiki í vali. Ef áhugi er fyrir heils dags dagskrá er hægt að velja námskeið fyrir og eftir hádegi.



Íþróttaskóli - Knattspyrnuskóli - Handboltaskóli - Körfuboltaskóli - Fimleikaskóli - Sundnámskeið
Fyrir krakka fædda 2014-2018
Sundnámskeið í boði fyrir krakka fædda 2010-2021



Allar deildir munu einnig bjóða uppá fjölbreytt og sérhæfð námskeið fyrir aldurshópana 2010 - 2013. Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráningu er á www.sportabler.com/shop/stjarnan

Gótt verk ehf bauð lægst í leiksvæði og stíga í Urriðaholti

Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt að taka tilboði lægstbjóðanda Góðs verks ehf. í framkvæmdir í leiksvæði og stíga í Urriðaholti, en alls bærust 11 tilboð. Gott verk ehf bauð kr. 129.979.000 sem var undir kostnaðaráætlun, en næst lægsta tilboðið átti Fagurverk ehf upp á kr. 138.631.900.

Alma Verk ehf var með hæsta tilboðið semhljóðaði upp á kr. 186.007.300, en kostnaðaráætlunin var kr. 133.148.160.

Eftirfarandi tilboð bærust í leiksvæði og stíga í Urriðaholti.

Krafla ehf., kr. 151.949.500.

Garðyrkjupjónusta Íslands ehf., kr. 168.952.800.

Fagurverk ehf., kr. 138.631.900.

Garðyrkjupjónustan ehf., kr. 149.996.363.



Gott verk ehf., kr. 129.979.000.
Það er til lausn ehf., kr. 153.300.000.
Mostak ehf., kr. 185.000.000.
Garðasmiði ehf., kr. 142.059.184.
Jóhann Helgi & Co., kr. 167.338.100
Alma Verk ehf., kr. 186.007.300.
Stéttafélagið ehf., kr. 166.932.100.
Kostnaðaráætlun kr. 133.148.160.

Afgreiðslu frestað eftir að tilboð voru opnuð vegna stofnæðar vatnsveitu

Á síðasta fundi bæjarráðs voru opnuð tilboð í framkvæmdir vegna stofnæðar vatnsveitu við Vífilstaði, en alls bærust 10 tilboð.

Eftirfarandi tilboð bærust í stofnæð vatnsveitu við Vífilstaði, jarðvinnu, lagnir og frágang.

SS Verktak ehf., kr. 65.995.000.

Stjörnugarðar ehf., kr. 44.704.450.

Alma verk ehf., kr. 74.756.475.

Fagurverk ehf., kr. 57.786.100.

Grafa og grjót ehf., kr. 44.887.500.

Óskatak ehf., kr. 71.969.000.
Urð og grjót ehf., kr. 44.470.000.
Verktækni ehf., kr. 65.286.000.
Ekran ehf., kr. 82.566.000.
Stéttafélagið ehf., kr. 56.560.000

Kostnaðaráætlun kr. 61.217.000.

Bæjarráð ákvað að fresta afgreiðslu málsins, en mikil munur var á milli hæstu og lægst tilboða og svo virðist að tilboðshafa hafi lesið í útboðsgögn með ólíkum augum.

Allt í blóma hér!

HönnunarMars 2024 hefst í Hönnunarsafni Íslands þriðjudaginn 23. apríl er sýningin Eldblóm opnar

HönnunarMars 2024 hefst í Hönnunarsafni Íslands kl. 18:00 þriðjudaginn 23. apríl, en þá opnar sýningin Eldblóm – hvernig dans varð að vöruhönnun og Marta Staworowska gullsmiður býður í uppskeruhátíð.

Eldblóm - hvernig dans varð að vöruhönnun

Hugmyndir kvikna og taka flugið, springa út í allar áttir og falla í mismunandi jarðveg. Safnið á röngunni, þar sem sýningin er sett upp, er hugsað sem rými til tilrauna, rannsókna og samtals. Hér gefst tækifæri til að líta yfir farinn veg, skoða hugmyndir sem hafa orðið að veruleika, þær sem enn bíða og tækifærin fram undan.

Sigga Soffía Nielsdóttir útskrifaðist sem listdansari frá samtímadansbraut Listaháskóla Íslands árið 2009 og stundaði einnig nám í sirkuslistum við École Supérieure des Arts du Cirque í Brussel. Árið 2021 útskrifaðist hún með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur starfað víðsvegar sem dansari og danshöfundur en er einnig þekkt fyrir flugeldasýninga hönnun og blómalistaverk.

Japanska orðið yfir flugelda er hanabi en hana þýðir eldur og bi þýðir blóm. Japanir tala því um eldblóm. Síðastliðin ár hefur Sigga Soffía unnið með þessi hugrenningatengsl í lofti og á láði og hannað flugeldasýningar út frá kóreógrafíu. Þá hefur hún hannað ræktanlega flugeldasýningu

blóma, nánar tiltekið blómainssetningu sem springur út eftir sáningarforskrift. Nýjasta viðbótin við Eldblómaverkefnið er ilmur, drykkjarföng og matvörur auk fjölbreyttrar vöru- og upplifunarhönnunar. Þannig svifur Sigga Soffía á milli listforma og hönnunargreina ásamt samstarfsfólki úr ýmsum geirum.



Marta er lærður landslagsarkitekt og gullsmiður

Uppskeruhátíð Mörtu Staworowska

Sama dag verður haldin uppskeruhátíð hjá Mörtu Staworowsku, gullsmið, sem hefur verið í vinnustofudvöl í safninu undanfarnar vikur.

Marta er lærður landslagsarkitekt og gullsmiður. Áður en hún flutti til Íslands, fyrir 6 árum, starfaði hún fyrir pólska herinn og var staðsett í Afganistan. Hún útskrifaðist fyrir á þessu árið sem gullsmiður frá



Sigga Soffía Nielsdóttir hefur starfað víðsvegar sem dansari og danshöfundur en er einnig þekkt fyrir flugeldasýningahönnun og blómalistaverk

Tækniskólanum og starfar hjá Aurum við smíði skartgripa. Það var Dóra Jónsdóttir gullsmiðameistari sem kynnti Mörtu fyrir víravirki á sínum tíma og hvatti hana til að fara í nám í gullsmíði. Víravirkið er rauði þráðurinn í verkum Mörtu. Aðferðin er æva gömul og má rekja meðal annars til forn Egypta, Grikkja og Rómverja löngu fyrir Krist. Víravirki er einnig hluti af íslenska þjóðbúningnum. Móttífin sem gjarnan er unnið með í víravirki eru blóm og plöntu og tengjast þannig bakgrunni Mörtu í landslagsarkitektúr. Hönnuðir í dag halda áfram að finna þessu finlega handverki farveg í nútíma skartgripum.

Sem sagt blóm og plöntur í lykilhlutverki hjá báðum listamönnunum. Sýningar-rýmin sem um ræðir „Safnið á röngunni“ og „vinnustofudvölin“ eru óhefðbundin sýningarrými þar sem áhersla er lögð á sköpunarferlið og samtalið milli gesta, hönnuða og starfsmanna safnsins.



Framtíðar veitingastaður á Álftanesi

Garðabær auglýsir eftir frá áhugsömum aðilum til að byggja og starfrækja veitingahús á lóð við Breiðumýri 2 á Álftanesi.

Lóðin er á opnu svæði á horni Suðurnesvegur og Breiðumýrar, hún er 2.350 m² að stærð og er heimilt að byggja á henni veitingahús sem er allt að 340 m² að stærð.

Allar nánari upplýsingar á vef Garðabæjar www.gardabaer.is



GOTT SAMFÉLAG
GARDABAER.IS

KÓPAL

UMHVERFISVÆN
INNIMÁLNING



málning

Gríptu tækifærið

Bragðaðu á glænýjum tímabundnum réttum á veitingastað IKEA

Hakkabuff
með kartöflumús, sultuðum lauk, grænum baunum og sósu

1.195,-



Grænkerasnitzel
með smælki, rauðkáli og sósu

1.195,-



Nautasnitzel
með smælki, rauðkáli og sósu

1.395,-



Veitingastaðurinn er opinn
11-19:30 alla daga
Skoðaðu aðra afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)

